

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 122, 18. febrúar 1999, um friðun hrygningarporsks á vetrarvertíð 1999.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. mars 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

11. febrúar 1999

Nr. 158

GJALDSKRÁ

vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins fyrir árið 1999.

1. gr.

Eftirlitsgjöld fyrir árið 1999, sem Geislavarnir ríkisins innheimta og falla í gjalddaga 1. apríl 1999 með eindaga 1. júní 1999 verða sem hér segir:

1.	<i>Röntgenskoðunartæki:</i>	kr.
a.	Föst tæki - myndataka	12.500
b.	Föst tæki - skygging	17.500
c.	Tölvusneiðmyndataeki	25.000
d.	Aukalampar	3.500
e.	Færanleg tæki - myndataka	10.000
f.	Færanleg tæki - skygging	13.000
g.	Tannröntgentæki	7.500
h.	Tannröntgentæki - aukatæki	3.750
i.	Iðnaðarröntgentæki	11.000
j.	Dýralækningaröntgentæki	11.000
2.	<i>Geislalækningatæki</i>	17.500
3.	<i>Geislavirk efni, fyrir hvern þann stað sem opnar lindir eru notaðar</i>	15.000
4.	<i>Geislavirk efni, litlar lokaðar lindir, lindir í skólum, fyrir hvern stað</i>	8.000
5.	<i>Önnur geislatæki:</i>	
a.	Nifteindatæki	30.000
b.	Önnur tæki sem ekki falla undir lið 1-4	
1.	Hvert af 3 fyrstu eins tækjum á sama stað	8.000
2.	Hvert tæki umfram fyrstu 3 eins á sama stað	4.000
6.	<i>Eftirlit með geislaskömmtum starfsfólks:</i>	
a.	Filmumælingar, fyrir hverja filmu	400
b.	TLD-mælingar, fyrir hverja flögu	1.000

2. gr.

Á stofu þar sem einn tannlæknir starfar, en er með tvö tannröntgentæki, má flokka annað tækið sem „aukatæki“, enda sé það aðeins notað, þegar aðaltæki bilar. Þetta á einnig við um röntgentæki, sem hafa verið aftengd og eru í geymslu.

3. gr.

Eftirlitsgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 10.000. Fyrir hvert vottorð sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 2.000.

5. gr.

Fyrir sólarlampa sem stofnunin skoðar, skal greitt gjald, kr. 25.000. Skoðunargjald skal fylgja með umsókn um leyfi til innflutnings.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 18. gr. laga nr. 117/1985 um Geislavarnir ríkisins staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 1999.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 11. febrúar 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 174/1998 fyrir sorphirðu á Siglufirði.

1. gr.

4. mgr. gjaldskrárinnar sem hljóðar svo: „Þeir rekstraraðilar sem eru með sérsamning við verktaka í sorphreinsun skulu greiða sem nemur 15% af upphæð þess flokks sem fyrirtæki þeirra flokkast í. Gjald á rekstraraðila í flokki A með slíkan sérsamning skal vera kr. 20.000.“ fellur niður.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Siglufjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að öðlast þegar gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 1. mars 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.